

1991 nr. 33 19. mars**Lög um Slysavarnaskóla sjómanna**

Tóku gildi 17. apríl 1990 (á að vera 17. apríl 1991), Breytt með: L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 81/2022 (tóku gildi 14. júlí 2022).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við innviðaráðherra eða innviðaráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ [Slysavarnafélagið Landsbjörg]¹⁾ skal starfrækja Slysavarnaskóla sjómanna og fer Slysavarnafélagið með yfirstjórn skólans er starfar á vegum þess og ábyrgð.

□ Markmið skólans er að auka öryggi sjómanna með fræðslu og þjálfun í meðferð björgunar- og öryggisbúnaðar og almennri fræðslu um slysavarnir á sjó.

□ [Slysavarnafélagið Landsbjörg skal halda fjárreiðum skólans aðskildum frá öðrum rekstri og starfsemi félagsins og er í þeim tilgangi heimilt að hafa rekstur skólans í sérstöku félagi.]¹⁾

¹⁾ L. 81/2022, 1. gr.

■ 2. gr.

□ Slysavarnaskóli sjómanna skal halda námskeið fyrir starfandi og verðandi sjómenn um öryggis- og björgunarmál á helstu útgerðarstöðum landsins og annast öryggis- og slysavarnafræðslu fyrir nemendur í skipstjórnar- og vélstjórnarnámi.

□ Aðalkennslugreinar skólans eru: Fræðsla um öryggismál, slysavarnir, björgunaraðferðir, skyndihjálp, flutningur sjúkra

og slasaðra, meðferð björgunarbúnaðar, slökkvibúnaðar og reykköfunartækja.

■ 3. gr.

□ [Ráðherra]¹⁾ skipar fimm manna skólanefnd Slysavarnaskóla sjómanna til fjögurra ára í senn. Einn skal tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands, einn af [Félagi skipstjórnarmanna]²⁾ og þrír tilnefndir af [Slysavarnafélaginu Landsbjörg].²⁾ Ráðherra skipar einn fulltrúa [Slysavarnafélagsins Landsbjargar]²⁾ formann skólanefndar.

□ Meginhlutverk skólanefndar er að [vera ráðgefandi um fagleg]²⁾ málefni Slysavarnaskólans ...²⁾. Skólanefnd gerir, að fenginni umsögn öryggisfræðslunefndar sjómanna, tillögur til stjórnar [Slysavarnafélagsins Landsbjargar]²⁾ um námskeiðahald, námsskrá og lengd námskeiða á vegum skólans.

¹⁾ L. 126/2011, 155. gr. ²⁾ L. 81/2022, 2. gr.

■ 4. gr.

□ [Slysavarnafélagið Landsbjörg]¹⁾ ræður skólástjóra Slysavarnaskóla sjómanna, [að fenginni umsögn skólanefndar],¹⁾ en um mannráðningar fer samkvæmt lögum [félagsins].¹⁾

¹⁾ L. 81/2022, 3. gr.

■ 5. gr.

□ Kostnaður við rekstur skólans skal greiddur úr ríkissjóði [samkvæmt þjónustusamningi].¹⁾ ...¹⁾

¹⁾ L. 81/2022, 4. gr.

■ 6. gr.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

■ Ákvæði til bráðabirgða. ...